



Kópavogi, 11. nóvember 2023
2306195/204.01 ABS

Efni: Greinargerð og tillaga varðandi rekstur frístundabíls

Íþróttafélögin HK, Breiðablik og Gerpla sendu erindi til íþróttaráðs dags. 31. maí 2023 varðandi breytingar á fyrirkomulagi sameiginlegs frístundaaksturs íþróttafélaganna og Kópavogsbæjar. Erindið var lagt fyrir íþróttaráð sem vísaði málinu til bæjarráðs sem frestaði málinu.

Í haust hafa framkvæmdastjórar íþróttafélaga og starfsfólk menntasviðs unnið að því að leita leiða til að koma til móts við síhækkandi kostnað við rekstur frístundabíls vegna hækkana akstursaðila á markaði. Íþróttafélögin sjá sig knúin til að hefja gjaldtöku um áramót til að geta haldið áfram rekstri frístundabíls út þetta skólaár. Í framhaldi af því verður fyrirkomulag frístundaaksturs endurskoðað frá grunni fyrir næsta skólaár.

Lagt er til að bæjarráð Kópavogs geri ekki athugasemd við tillögu íþróttafélaga um að hefja gjaldtöku frístundaaksturs.

Greinargerð

Frá hausti 2019 hafa þrjú stærstu íþróttafélögin í Kópavogi í samstarfi við Kópavogsbæ átt samstarf um rekstur frístundabíls.

Frístundavagninn er ætlaður börnum í 1.-4. bekk grunnskóla sem stunda íþróttir og tómstundir í bænum. Vagnarnir stoppa við grunnskóla bæjarins og viðkomandi íþróttamannvirki og gert er ráð fyrir að akstur hefjist um kl. 13:50 og ljúki um kl. 15:45.

Lögð er áhersla á að íþróttafélögin skipuleggi æfingar þannig að yngstu börnin fái tíma til að matast og eiga rólega stund í leik og skipulögðu starfi í frístund áður en haldið er á íþróttæfingar og foreldrar sækja þau þangað. Vinnudegi yngstu barna ljúki þannig eftir íþróttæfingu. Mikilvægt er fyrir velferð og vellíðan barna að draga eins mikið úr streitu dagsins og kostur er.

Jafnframt er lögð áhersla á öryggi og vellíðan barna í vögnunum. Í þeim tilgangi hefur Kópavogsbær lagt áherslu á að það séu starfsmenn í vögnunum sem fái viðeigandi þjálfun og stuðning í starfið. Gert er ráð fyrir að starfsmaður sé ráðinn í hvern bíl í ca 2,5 tíma á dag, frá kl. 13:30-16:00, samtals 1 stöðugildi m.v. þrjá bíla (ca 33,3% stg á bíl, samtals 100%), sem samsvarar ca 5 m.kr. á ári



Frá og með hausti 2022 var fyrirkomulag mönnunar í vagnana breytt á þann veg að tvær frístundir grunnskóla, Álfhólsskóla og Kársnesskóla, hafa umsjón með mönnun frístundaleiðbeinenda í vagnana og alla umsýslu vegna þess.

Íþróttafélögin sjá um framkvæmd verðkannana til að tryggja hæfan akstursaðila með tilliti til gæða þjónustunnar, öryggis barna og kostnaðar og samningur er gerður milli íþróttafélaga og akstursaðila. Í samningi koma fram helstu kröfur um þjónustu og öryggisatriði s.s. að bílar séu búnir sætum með öryggisbeltum.

Áhersla er lögð á gott samstarf og samráð íþróttafélaga og frístundar grunnskólanna svo börn skili sér á æfingar á réttum tíma og öryggi barna sé tryggt.


Kostnaður við akstur frístundabíls

Síðustu ár hefur kostnaður vegna aksturs frístundabíls hækkað umtalsvert og fyrisjáanlegt að foreldrar/forsjáaðilar þurfi að taka þátt í kostnaði við verkefnið til að tryggja áframhaldandi starfsemi frístundavagnsins.


Íþróttafélögin hafa sent út könnun til foreldra barna í 1.-4. bekk til að kanna áhuga foreldra á því að taka þátt í rekstri frístundabíls og samkvæmt könnuninni eru rúmlega 60% foreldra tilbúnir til að greiða fyrir frístundaakstur.

Íþróttafélögin hafa lagt til að hlutur foreldra í rekstri frístundavagns á vorönn 2024 verði 11.200 kr. og samsvari tæplega áætlaðri kostnaðarhækkun milli vorannar 2023 og 2024. Hlutur sveitarfélags og íþróttafélaga verði sambærilegur vorönn 2023.

Tafla 1 – Þróun á heildarkostnaði við rekstur frístundabíls til samanburðar við hlutdeild Kópavogsbæjar frá árinu 2019



Tafla 2 – Áhrif gjaldtöku á kostnaðarþátttöku Kópavogs og íþróttafélaga



Miðað við spá fyrir vorönn 2024 má gera ráð fyrir að kostnaðarhlutur hvers aðila verði ca 3,1 mkr. eða svipað og vorönn 2023. Fyrirkomulag innheimtu verður með þeim hætti að íþróttafélög bjóða upp á rafræna skráningu og greiðslu fyrir notkun frístundabíls í gegnum viðkomandi kerfi (sportabler, xps).

Kostnaðarskipting aksturs milli íþróttafélaga og Kópavogsbæjar helst óbreytt. Þegar greiðslur foreldra hafa skilað sér til íþróttafélaga skýrist hver hlutur hvers aðila er fyrir sig.

Íþróttafélögin í samstarfi við menntasvið setja saman reglur um fyrirkomulag gjalddöku vegna frístundabíls.

Kostnaður foreldra og fyrirkomulag aksturs frístundabíls verður endurskoðaður á vorönn með það að markmiði að leggja fram nýja tillögu fyrir skólaárið 2024-2025.

Börn sem eru í öðrum íþrótta- og tómstundafélögum geta keypt aðgang að frístundavagni í gegnum kerfi einhvers þeirra þriggja íþróttafélaga sem standa að rekstri frístundabíls (sportabler, xps)

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Gunnar Guðmundsson
Deildarstjóri íþróttadeildar